

Bæjarráð Garðabæjar

Efni: Svar við fyrirspurn um samning vegna úthlutunar lóðar fyrir veitingahús við Arnarnesvog.

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar sem haldinn var 16. júní 2016 samþykkti bæjarstjórn að ganga til samninga við óstofnað hlutafélag „Arnarvog ehf.“ um úthlutun lóðar fyrir veitingastað við Arnarnesvog. Fyrirvari er um að við undirskrift samnings hafi félagið formlega verið stofnað og stofnefnahagsreikningur lagður fram staðfestur af löggiltum endurskoðanda.

Drög að samningi var kynntur á fundi bæjarráðs 8. nóvember 2016 og var samningurinn undirritaður 11. nóvember s.á.

Við undirritun samningsins var uppfyllt skilyrði um stofnum og skráningu félagsins og heitir það Arnarnesvogur ehf., kt. 651116-1120. Þá lá fyrir áritaður stofnefnahagsreikningur.

Samkvæmt 9. gr. samningsins er gatnagerðar- og byggingarréttargjald kr. 19.794.897 og hefur það verið greitt.

Í 10 gr. samningsins kemur fram að stefnt sé að því að byggingarframkvæmdir hefjist í byrjun árs 2017 og eigi síðar 1. júní 2017. Í samningnum kemur fram að stefnt sé að því að mannvirkið verði fullfrágengið ásamt lóð og bílastæðum á vormánuðum 2018.

Lóðarhafi hefur lagt inn umsókn um byggingarleyfi, dags. 17.04.2017 og er vísað til uppdrátta verðandi útlit og hönnun húsnæðisins.

Meðfylgjandi:

Samningur um úthlutun lóðar ásamt fylgiskjöllum
Uppdrættir og fylgigögn með umsókn um byggingarleyfi